

Tillaga til þingsályktunar

um Laxnesssetur að Gljúfrasteini í Mosfellsbæ.

Flm.: Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir, Helgi Hjörvar, Össur Skarphéðinsson, Óttarr Proppé, Róbert Marshall, Heiða Kristín Helgadóttir, Willum Þór Þórsson, Þorsteinn Sæmundsson, Birgitta Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samvinnu við bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ og stjórn Gljúfrasteins að hefja uppbyggingu Laxnessseturs að Gljúfrasteini í Mosfellsbæ. Leiðarljós Laxnessseturs verði að halda á lofti minningu Halldórs Laxness, veita fræðslu um verk hans og leggja áherslu á að Mosfellssveit og -bær var hans heimabyggð. Þar verði miðstöð allrar þekkingar um Halldór Laxness. Laxnesssetur verði jafnframt bókmenntasetur þar sem aðstaða verði til rannsókna og fræðistarfa.

Greinargerð.

Á árinu 2015 eru 60 ár síðan Halldór Laxness hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels og af því tilefni er tímabært að horfa til þess að byggja upp menningarhús, Laxnesssetur, að Gljúfrasteini í Mosfellsbæ. Landsvæði hefur þegar verið tryggt til að byggja Laxnesssetur með tengingu við heimili skáldsins að Gljúfrasteini.

Framtíðarsýn fyrir safnið að Gljúfrasteini, sem tók til starfa haustið 2004, var skilgreind í kjölfar stefnumótunarvinnu fyrir safnið og helstu niðurstöður voru þær að Gljúfrasteinn yrði eitt helsta menningarsetur þjóðarinnar og þekktur áfangastaður á leið til Þingvalla. Hlutverk Gljúfrasteins væri að vera lífandi safn sem stæði vörð um lífsstarf og heimili Halldórs Laxness.

Ljóst er að Gljúfrasteinn stendur framarlega í flokki dýrmætra staða í íslenski menningarsögu. Sú uppbygging sem þegar hefur átt sér stað er um margt til mikillar fyrirmyndar og hefur starfsemin svo sannarlega þegar sannað gildi sitt. Gljúfrasteinn var friðaður 7. júní 2010 skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 104/2001, um húsafriðun, og er viðurkennt safn samkvæmt safnalögum, nr. 141/2011.

Húsið sjálft er því í rauninni safngripur og einstakt að innbúið allt sé varðveitt óbreytt frá því að Halldór Laxness og fjölskylda hans bjuggu þar. Safnkosturinn samanstendur af innbúinu öllu, listaverkum, bókasafni, ljósmyndum og skjölum. Möguleikar til rannsókna og miðlunar eru óþrjótandi en mikilvægt er að hægt sé að tryggja örugga varðveislu safnkostsins til framtíðar bæði í húsinu sjálfu og í geymslu.

Starfseminni er mjög þröngur stakkur skorinn vegna plássleysis í húsinu. Til þess ráðs var gripið að nýta bílskúr fyrir móttöku, miðasölu, verslun og margmiðlunarsýningu. Frá upphafi var litið svo á að sú ráðstöfun væri til bráðabirgða. Sömuleiðis var þegar ljóst að aðstaða starfsfólks væri óviðunandi. Þá eru bílastæði og aðkoma að húsinu frá Þingvallavegi ekki viðunandi.

Frá því að safnið að Gljúfrasteini var opnað árið 2004 hafa um 75.000 gestir heimsótt safnið. Með góðu skipulagi og hjálp hljóðleiðsagnar hefur tekist að taka á móti stórum hópum.

Gljúfrasteinn, þar sem skáldið bjó og starfaði, verður áfram sá staður sem mun laða gesti í heimsókn í Mosfellsdalinn. Mosfellsdalurinn er dalurinn þar sem Halldór Laxness ólst upp og bjó lengstan hluta ævi sinnar og dalurinn er sögusvið ýmissa verka hans. Enn fremur má nefna að í dalnum eru tengsl við bókmenntasögu þjóðarinnar í þúsund ár. Um Mosfellsdalinn er m.a. fjallað í Egils sögu, Gunnlaugs sögu Ormstungu og Hallfreðar sögu vandræðaskálds. Fornleifauppgröfturinn að Hrísbú og við hina fornu höfn í Leiruvogi styðja þessa tengingu.

Þá má geta þess að það er einlægur vilji heimamanna að rækta minningu Nóbelskáldsins. Sveitarfélagið Mosfellsbær hefur m.a. sett það í menningarstefnu sína að halda á lofti minningu Halldórs Laxness og framlagi hans til íslenskrar menningar og heimsbókmenntanna.

Það er tilgangur þessarar þingsályktunartillögu að Laxnesssetur að Gljúfrasteini í Mosfellsbæ verði menningarsetur með megináherslu á líf og starf Halldórs Laxness en verði jafnframt alhliða menningarsetur með áherslu á bókmenntir, rannsóknir, fræðslu og miðlun.